

Nr. 002 / 09 Gunnbjörn ÍS 307***Skipverji slasast þegar vír slitnar***

Skipaskr.nr. 1686
Smíðaður: Njarðvík 1984, stál
Stærð: 131 brl. 263 bt.
Mesta lengd: 28,95 m Skráð lengd: 25,47 m
Breidd: 6,98 m Dýpt: 5 m
Vél: MTU-DDC 700 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 5

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Gunnbjörn©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2008 var Gunnbjörn ÍS 307 á togveiðum á Straumnesbanka. Veður: SV 10-15 m/s og ölduhæð 3,5 metrar.

Við veiðarnar biluðu spilin og skipverjar þurftu að snörla togvírnum inn. Var það gert með tveimur gilsum. Bakborðshlerinn kom upp undir rennuna þannig að skipverjar tóku stjórnborðsgilsinn í gegnum togblökkina og í keðjuna í hleranum. Þegar búið var að hífa í stjórnborðsgilsinn eins og hægt var var hlerinn ekki kominn upp. Fór einn skipverjinn með bakborðsgilsinn í gegnum togblökkina til að festa hann eins neðarlega á keðjuna og unnt var. Kom þá kvika undir skipið með þeim afleiðingum að báðir gilsarnir slitnuðu og annar slóst í skipverjann. Vírinn lenti í vinstri handlegg og andliti hans. Siglt var strax með hann til Ísafjarðar og var hann m.a. handleggsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að ventill í vökvakerfi spilsins bilaði og slakaðist vírinn út. Viðbrögð við biluninni voru með hefðbundnum hætti og var annar togvírinn hífður upp og báðir gilsarnir notaðir til skiptis á bakborðsvírinn;
- að gilsarnir voru úr vír og tiltölulega nýjir að sögn hins slasaða;
- að slasaði sem húkkaði seinni gilsinum í keðjuna sá til kvikunnar áður en hún reið undir skipið og forðaði sér eins langt og hann komst út í bakborðssíðuna til öryggis. Að hans sögn bjóst hann ekki við því að nýir vírgilsarnir slitnuðu og hann væri í hættu af þeirra völdum;
- að slasaði hafði áratuga sjómanns reynslu á ýmsum skipum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.